

IÐJU1IP05

Búið til: Fri, 03 Mar 2023 11:30:57 GMT

Titill

Inngangur að iðjubjálfun

Skammstöfun

IÐJU1IP05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Iðjubjálfun

Viðfangsefni

Inngangur að iðjubjálfun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er sjónum beint að faggreininni iðjubjálfun. Nemendur fá kynningu á viðfangsefnum iðjubjálfa sem eru afar fjölbreytt. Iðjubjálfun hefur það að markmiði að efla iðju, þátttöku, heilsu og velferð einstaklinga, hópa og samfélaga. Kynnt verður starf iðjubjálfa sem starfa t.d. við vinnuvernd, endurhæfingu, inni í menntakerfinu og við forvarnir. Kynnt verður iðja, umhverfi, samspil þess og áhrifapættir. Nemandinn er studdur til þess að þreifa sig áfram á eigin forsendum, vinna með öðrum og fjalla um efnið út frá eigin forsendum og ná lengra, byggt á fyrri þekkingu og reynslu. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér sjálfstæði í vinnubrögðum.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- viðfangsefnum iðjubjálfunar
- grunnhugtökum iðjubjálfunar
- þeim störfum sem iðjubjálfar sinna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita algengustu hugtökum um viðfangsefni áfangans á skýran og skilmerkilegan hátt
- lesa og skilja umfjöllun um helstu viðfangsefni áfangans
- tjá kunnáttu sína bæði munnlega og skriflega

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnispætti
- mynda sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær
- beita öguðum vinnubrögðum, taka ábyrgð á eigin námi og vinna í samvinnu við aðra
- hagnýta netið til að afla sér þekkingar um viðfangsefni áfangans
- setja sig í spor annarra

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar**Fyrirmynd**